

dómslögmanns, kr. 500.00, þannig að ákærði Vilhjálmur greiði  $\frac{1}{3}$  hluta kostnaðarins, ...

Á rekstri máls þessa hefur enginn óþarfa dráttur orðið, en skipaður verjandi ákærðu fékk framlengdan frest til að skila vörn sinni.

Dómsorð:

...

Ákærði Vilhjálmur Hans Alfreð Schröder greiði 500 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hinir ákærðu greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, kr. 500.00, þannig að ákærði Vilhjálmur greiði  $\frac{1}{3}$  hluta sakarkostnaðarins, ...

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. nóvember 1952.

Nr. 16/1952. **Ákærvaldið** (Gunnar J. Möller)

gegn

**Péttri Rúðrik Rósant Valentý Kárasyni**

(Jón N. Sigurðsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson  
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ölvun við akstur bifreiðar.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem eigi hefur verið áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvaldsins, ber að staðfesta hann að öðru en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Pétur Rúðrik Rósant Valentýr Kárason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Jóns N. Sigurðssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur löggluréttar Reykjavíkur 28. marz 1951.

Ár 1951, miðvikudaginn 28. marz, var í lögglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í lögglustöðinni af Einari Péturssyni, fulltrúa sakadómará, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2614/1951: Ákærvaldið gegn Pétri Rúðrik Valentý Kárasyni, sem tekið var til dóms 1. sama mánaðar.

Málið er af hálfu ákærvaldsins höfðað gegn kærða Pétri Rúðrik Valentý Kárasyni bifreiðarstjóra, til heimilis að Undralandi hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögunum nr. 33/1935, bifreiðalögum nr. 23/1941 og umferðarlögum nr. 24/1941 til refsingar, ökuleyfismissis og málskostnaðargreiðslu.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. júlí 1922 í Reykjavík. Hann sættist 1/4 1946 í lögglurétti Reykjavíkur á að greiða 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri, en hefur ella ekki, svo kunnugt sé, sætt kærú eða refsingu.

Með játningu kærða og því öðru, sem fram er komið í málinu, er sannað, að kærði ók bifreiðinni R 5500 með áfengisáhrifum austan úr sveitum áleiðis til Reykjavíkur að kvöldi 19. september s.l. Með því atferli sínu hefur kærði gerzt brotlegur við 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislagá nr. 33/1935 og 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalagá nr. 23/1941.

Það er og sannað með játningu kærða og vitnaframburði, að hann ók bifreiðinni óörugglega og um síðir út af vegi. Þykir það varða við 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalagá og 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlagá nr. 24/1941.

Refsing kærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlagá og lögum nr. 6/1951 hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 dagá í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta kærða ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Harðar Ólafssonar hdl., kr. 200.00.

#### Dómsorð:

Kærði, Pétur Rúðrik Rósant Valentýr Kárason, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 dagá í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann er sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.  
Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnar-  
laun skipaðs talsmanns síns, Harðar Ólafssonar hdl., kr. 200.00.  
Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 28. nóvember 1952.

Nr. 141/1950. **Skarphéðinn Kristbergsson**  
gegn  
**Ara Arasyni, Birni Jónssyni og**  
**Einari B. Ingvarssyni.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi, Skarphéðinn Kristbergsson, er eigi sækir dóm-  
þing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef  
hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Föstudaginn 28. nóvember 1952.

Nr. 60/1950. **Hörður Guðmundsson**  
gegn  
**Sigríði og Gunnari Egilsson.**

Mál hafið. Ómaksbætur dæmdar.

**Dómur Hæstaréttar.**

Er mál þetta kom fyrir dóm í dag, var þess óskað af hálfu  
áfrýjanda, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefndu var krafizt ómaksbóta.

Með tilliti til þess, að stefndu hafa 11 sinnum látið sækja  
dómþing í máli þessu, þykja ómaksbætur þeim til handa  
hæfilega ákveðnar kr. 550.00.